



# Framkvæmda- fréttir 17. tbl. /07



**G. Pétur Matthíasson**  
upplýsingafultrúi  
Vegagerðarinnar  
skrifar

**Umferðareftirlit**  
**Vegagerðarinnar**

## Eyðileggja eigin vinnutæki Helsingur brota vegna of þungra ökutækja

Það er árið 1959. Vorleysingarnar fara illa með vegina, vatnið kemst ekki í burtu vegna frosts í jörðu en áfram er ekið á vegunum af sama ákafa og venjulega. Jafn mikið er hlaðið á flutningabílana og alltaf. Áspunginn sem þá hét öxulþungi, er of mikill og vegimir verða fyrir barðinum á því.

Brugðið er á það ráð að senda út bíl til að hafa eftirlit með þungaflutningunum. Bíllinn er mannaður einum frá Vega-gerðinni og lögreglumanni.

Þannig hófst umferðareftirlit Vegagerðarinnar sem hefur haldist óslitið allar götur síðan þá. Sífelld verður mikilvægara að vernda vegakerfið enda aukast flutningar ár frá ári auk þess sem auknar kröfur eru gerðar til umferðaröryggis. Nauðsynlegt er að tryggja vegfarendum ekki bara greiða leið heldur líka örugga leið á milli staða. Hvort heldur sem verið er að flytja fólk eða vörur. Það tekur mun lengri tíma að styrkja allt vegakerfið fyrir þungaflutninga en það tekur að eyðileggja veg. Eitt aukatonn á ás margfaldar niðurbrot vegar í fjórða veldi, það er fljótt að koma á enn viðkvæmu íslensku vegakerfi.

Umferðareftirlitið lítur til með stærð, heildarþyngd og áspunga ökutækja, hleðslu, frágangi og merkingu farms, ökumælum, ökuritum, olíugjaldi og kílómetragjaldi, leyfis- skyldri starfsemi sem varðar fólksflutninga og farmflutninga á landi, akstri leigubifreiða og aksturs- og hvíldartíma öku- manna. Þannig að það er í mörg horn að líta hjá Umferðar- eftirlitinu.

Þar vinna alls ellefu menn en eftirlitið fer fram á fjórum merktum eftirlitsbílum. Er það gert þannig að það valdi veg- farendum sem minnstri truflun og er einnig gert í samstarfi

*Framhald á næstu síðu.*

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 17. tbl. 15. árg. nr. 471 18. júní 2007

Ritsjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar**  
**Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs- framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

## Auglýsingar útboða

### Óshlíðargöng, forval 07-062

Vegagerðin auglýsir eftir þátttakendum í forvali vegna jarðganga milli Hnífsdals og Bolungarvíkur, ásamt byggingu tilheyrandi forskála og vega. Um er að ræða 8,7 m breið, 5,1 km löng jarðgöng, byggingu um 310 m langra steinsteypra vegskála, gerð um 3,0 km langra vega og byggingu tveggja um 15 m langra steinsteypra brúa.

Heiti verkefnisins er: Óshlíðargöng

Helstu magntölur eru:

Gröftur jarðganga	290.000 m <sup>3</sup>
Sprautusteypa	11.000 m <sup>3</sup>
Steinsteypa	3.000 m <sup>3</sup>
Gröftur á lausum jarðefnum	40.000 m <sup>3</sup>
Forsprengingar að göngum	10.000 m <sup>3</sup>
Fyllingar	200.000 m <sup>3</sup>

Forvalsgögn verða send í tölvupósti þeim sem óska eftir að taka þátt í forvali frá og með mánudeginum 18. júní 2007. Óskir um forvalsgögn skal senda á póstfangið [ge@vegagerdin.is](mailto:ge@vegagerdin.is) með upplýsingum um nafn fyrirtækis, nafn tengiliðar ásamt tölvupóstfangi og símanúmeri.

Skila skal útfylltum forvalsgögnum í lokuðu umslagi til Vegagerðarinnar Borgartúni 7 (móttaka) í Reykjavík í síðasta lagi þriðjudaginn 7. ágúst 2007. Umslagið skal merkt á eftirfarandi hátt

**Vegagerðin**  
**Páll Þorsteinsson**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
**Óshlíðargöng**  
**Forval**

Einungis gögn sem hafa borist Vegagerðin þriðjudaginn 7. ágúst 2007 eða eru sannanlega póslögð fyrir þann tíma eru tekin gild. Forvalið er einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

*Reykjavík í júní 2007*  
*Vegamálastjóri*

### Héðinsfjarðargöng

Gröftur Héðinsfjarðarganga gekk hægt í viku 23 vegna vinnu við bergþéttingar.

Siglufrjarðarmegin lengdust göngin um 8 m og voru 11. júní um 1.798 m. Ólafsfjarðarmegin lengdust göngin um 14 m og voru 1.186 m.

Samanlögð lengd ganga er nú 2.984 m sem er um 28,2% af heildarlengd.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 11. júní 2007. Búið er að sprengja 1.798 m í Siglufrirði og 1.186 m í Ólafsfirði.

### Hafravatnsvegur (431), gatnamót við Krikahverfi 07-068.

Vegagerðin og Mosfellsbær óska eftir tilboðum í verkið „Hafravatnsvegur (431), gatnamót við Krikahverfi“

Verkið felst í gerð hringtorgs á Hafravatnsvegi við Krikahverfi í Mosfellsbæ, móts við Jónsteig og Stórakrika, ásamt gerð undirganga úr báruplötum undir Hafravatnsveg. Einnig gerð stoðveggjar við gangaenda, göngustíga ásamt tröppum, lýsingu, grjóthleðslu, landmótun, ýmsa lagnavinnu og frágang umhverfis. Einnig gerð útskota fyrir strætisvagna við Hafravatnsveg. Gera þarf bráðabirgðaveg sem tengir saman Vífðiteig og Völuteig til notkunar meðan á framkvæmdum stendur

Helstu magntölur eru:

Skeringar	29.000 m <sup>3</sup>
Fyllingar	27.000 m <sup>3</sup>
Burðarlög	5.100 m <sup>3</sup>
Malbik	4.500 m <sup>2</sup>
Stálbogagöng	20 m

Verkinu skal að fullu lokið 31. október 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 18. júní 2007. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 3. júlí 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

*Vegamálastjóri*  
*Bæjarverkfræðingurinn í Mosfellsbæ.*



*Framhald af forsíðu.*

við þá sem undir eftirlitið falla. Sameiginlegu eftirliti með lögreglunni lauk í ársbyrjun 2005 og voru heimildir eftirlitsmanna Vegagerðarinnar auknar og skýrðar betur eftir þá breytingu.

Árið 2005 höfðu eftirlitsmenn Vegagerðarinnar afskipti af öikumönnum ríflega 4.400 sinnum og ríflega 5.600 sinnum í fyrra. Árið 2005 voru skrifaðar 1.030 skýrslur um brot eða í um fjórða hvert skipti. Þeim fækkaði í fyrra þrátt fyrir aukin afskipti og voru skrifaðar 930 skýrslur. Bæði árin voru helmingur brotanna vegna of mikils þunga, áspunginn stóðst ekki reglur. Þessi mikli brotafjöldi í þessum flokki bendir til þess að flutningageirinn geri sér ekki fulla grein fyrir því að þeir séu að eyðileggja eigin vinnutæki, vegina.

„Ég tel að þungabrotum myndi fækka verulega við það



Umferðareftirlitsmaður tekur sýni af díselolíu.

eitt að taka upp þá refsingu að ökumenn missi punkta við brot og ítrekun leiddi til ökuleyfisssviptingar," segir Sævar Ingi Jónsson deildarstjóri Umferðareftirlitsins. „Þetta myndi auka ábyrgð ökumanna og fækka brotum því í dag eru það fyrirtækin sem greiða sektir fyrir brot en þau hagnast á brotunum. Það skiptir því ekki ökumanninn máli þótt þungi sé yfir mörkum.“

Tilgangur eftirlitsins er ekki að refsa mönnum heldur hitt að stuðla að auknu öryggi í umferðinni, fækka slysum og vernda vegakerfið. Með því er auðvitað líka verið að fara vel með fé ríkisins sem sett er í vegagerð og einnig fylgst með því að ekki sé svindlað á díselolíunni. Eftirlitið fylgist einnig með hvíldar- og akstur tíma ökumanna en einnig þar eru menn að huga að velferð ökumanna og einnig til að bæta öryggið. Einnig er mikilvægt í heimi útboða og samkeppni að allir sitji við sama borð. Menn bjóði ekki lægra í verk af því að þeir geti skotið undan í olíugjaldi eða kílómetragjaldi.

Þannig aukast verkefni Umferðareftirlitsins frekar en hitt því fylgjast þarf með enn fleiri bílum en áður nú síðast vegna lituðu olíunnar.

## Niðurstöður útboða

### Hringvegur (1) um Staðará 07-066


Tilboð opnuð 5. júní 2007. Gerð 0,7 km langs vegar í tengslum við byggingu nýrrar brúar yfir Staðará í Suðursveit.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	13.525 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	4.490 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	1.075 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	5.700 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	8.585 m <sup>2</sup>


Verkinu skal að fullu lokið 15. ágúst 2007.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (bús.kr.)
3	Grafvélar ehf., Hellu	17.468.650	123,2	4.865
2	Framrás ehf., Vík	15.246.275	107,5	2.642
---	Áætlaður verktakakostnaður	14.181.047	100,0	1.577
1	S.G. Vélar ehf., Djúpavogi	12.603.900	88,9	0



Samtals er búið að sprengja 2.984 m sem er 28,2% af heildarlengd.





**Óshlíðargöng, forval**  
 Á bls. 2 er auglýsing vegna forvals bjóðenda í gerð Óshlíðarganga. Á meðfylgjandi mynd má sjá legu ganganna með rauðu striki.  
 Loftmynd: Loftmyndir ehf.  
 Flughæð 3000 m

## Niðurstöður útboða

### Eyjafjarðarbraut vestri (821), Sandhólar – Nes 07 - 016

Tilboð opnuð 5. júní 2007. Endurbýgging Eyjafjarðarbrautar vestri á um 4,1 km kafla milli Sólgarðs og Ness.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	14.700 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	18.800 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	6.450 m <sup>3</sup>
Stálröraræsi	183 m
Tvöföld klæðing	28.500 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	41.500 m <sup>2</sup>
Vegrið	440 m
Girðingar	800 m

Verki skal að fullu lokið fyrir 15. september 2007.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1 IceFox ehf., Akureyri	65.000.000	128,0	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	50.800.000	100,0	-14.200

### Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg 07-064

Tilboð opnuð 12. júní 2007. Breikkun og færsla Nýbýlavegar í Kópavogi. Um er að ræða 650 m kafla, þar sem gera á tvö hringtorg á Nýbýlavegi og þrenn undirgöng ásamt endurbýggingu tenginga við Hafnarfjarðarveg. Einnig er innifalin færsla og endurlögn á raf- og símastringjum, þ.m.t. á 132 kV háspennustreng, breytingar og nýlagnir vatns- og fráveitulagna, öll landmótun og frágangur í samræmi við útboðsgögn.

Helstu magntölur eru:

Skering	76.000 m <sup>3</sup>
Regnvatnsræsi	1.750 m
Fylling og burðarlög	79.000 m <sup>3</sup>
Malbik	20.000 m <sup>2</sup>
Stálbogagöng	62 m
Mótafletir	3.000 m <sup>2</sup>
Steypustyrktarjárn	109.000 kg
Steinsteypa	1.040 m <sup>3</sup>
Ídráttarör	3.860 m
Rafstrengir	1.030 m
Símastrengir	2.490 m

Verkinu er skipt í áfanga en því skal að fullu lokið 15. júlí 2008.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4 Heimir og Þorgeir ehf. Reykjavík	607.031.930	120,1	112.437
3 Háfell ehf. Reykjavík	580.908.300	114,9	86.314
2 Klæðning ehf., Kópavogi	550.000.000	108,5	55.405
--- Áætlaður verktakakostnaður	505.400.000	100,0	10.805
1 Ístak hf., Reykjavík	494.594.564	97,9	0

### Meðallandsvegur (204), Grenlækur – Fossar 07-028

Tilboð opnuð 5. júní 2007. Endurlögn u.þ.b.

1,8 km langs kafla Meðallandsvegur frá Grenlæk að Fossum. Setja skal nýtt tvöfalt ræsi í Jónskvísl.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	5.700 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	4.700 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	1.705 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	13.265 m <sup>2</sup>
Ræsalögn	114 m
Frágangur fláa	24.070 m <sup>2</sup>

Verkinu skal að fullu lokið 15. september 2007.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3 Bíladrangur ehf., Vík	25.337.300	137,0	10.789
2 Grafvélur ehf., Hellu	24.500.505	132,5	9.952
--- Áætlaður verktakakostnaður	18.497.200	100,0	3.949
1 Framrás ehf., Vík	14.548.050	78,7	0



Þann 15. maí sl. varð það óhapp á Borgarfjarðarbrú að bíll með kerru lenti utaní vegriði brúarinnar. Eins og sjá má hefur þarna ekki mátt miklu muna að slæmt slys hlytist af. Myndirnar sýna vel hvernig vegriðið tekur við álagi. Stólpinn rifnar en bandið heldur. Myndir: Valgeir Ingólfsson, Borgarnesi.

## Auglýsingar útboða

### Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2007, malbik við Akureyri 07-069

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með malbiki, á Norðaustursvæði árið 2007 við Akureyri.

Helstu magnbólur eru:

Malbik ..... 2.500 tonn  
Útlögn ..... 20.000 m<sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. september 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði, Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánu-  
deginum 18. júní 2007. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 3. júlí 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Festun og yfirlögn á Norðaustursvæði 2007-2008 07-048

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í festun með froðubiki og lögn tvöfaldrar klæðingar á Norðaustursvæði 2007-2008. Um er að ræða 8 vegkafla, alls um 19 km.

Helstu magnbólur eru:

Festun með froðubiki ..... 133.400 m<sup>2</sup>  
Tvöföld klæðing ..... 133.400 m<sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði, Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánu-  
deginum 18. júní 2007. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 3. júlí 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Frá rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Vegagerðin veitir fjölda styrki til rannsóknaverkefna á hverju ári. Styrkirnir eru fjármagnaðir af svo nefndu tilraunafé, sem er nú 1% af mörkuðum tekjum stofnunarinnar. Velflestum verkefnum lýkur með því að skrifaðar eru skýrslur og eru þær settar á heimasíðu Vegagerðarinnar öllum opnar til skoðunar. Hér á eftir er gerð órutt grein fyrir efni fimm af þeirra skýrslu sem komið hafa út en nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar ([www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)), undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur“.

#### Notkun finefna við mat á gæðum bergs til mannvirkjagerðar

Skýrslan fjallar um fyrsta áfanga verkefnis sem hefur það fyrst og fremst að markmiði, að berggreining sé skilvirkari. Áhersla er lögð á að skerpa skilin milli 2. og 3. flokks berggreiningakerfisins. Þar eru vandamálin tengd því að mörk milli ummyndunarflokkanna eru óljós auk þess sem ekki er gerður munur á ummyndunarsteindum. Unnið verður áfram að verkefninu.

#### „Water drainage beneath Skeiðarárjökull and its effects on ice-surface velocity“

Markmið verkefnisins var að nota GPS tækni til að mæla áhrif vatnsrennslis undir Skeiðarárjökli á skriðhraða jökulsins. Í apríl 2006 voru tvær GPS stöðvar festar á Skeiðarárjökul og í júní 2006 var þriðju stöðinni bætt við. Stöðvarnar voru í rekstri þar til í nóvember 2006 og skráðu staðsetningu sína á 15 sekúndna bili. Niðurstöðurnar sýna óvírætt að skriðhraði jökulsins eykst þegar úrkoma er mikil. Þannig var t.d. skriðhraðinn í október 2006 (1,92 metrar/dag) þrettán sinnum hærrí skriðhraðinn í nóvember 2006 (0,14 metrar/dag) en október var úrkomuríkur mánuður.

#### Göngubrýr – sveiflumælingar.

Göngubrú á Hringbraut við Njarðargötu var tekin í notkun árið 2005 í tengslum við færslu Hringbrautar. Við hönnun brúarinnar kom í ljós að eiginsveiflur hennar voru nálægt

eigintíðni gangandi og hlaupandi vegfarenda. Í verkefninu var reynt að staðfesta þetta ásamt því að staðfesta þau reiknilíkön sem notuð hafa verið við sveiflugreiningu göngubrúa. Svörun var mæld á þremur brúm við álag frá stökum vegfarenda sem gengur/hleypur yfir á, eða nálægt, eigintíðni brúarinnar. Þar að auki voru gerðar mælingar þar sem misstórir hópar voru látnir ganga og skokka yfir brúna á mismunandi hraða. Mæld svörun vegna álags frá einum gangandi vegfaranda reyndist standast þær kröfur sem evrópskur hönnunarstaðall setur og reyndist samræmast vel við reiknilíkön sem notuð eru.

#### Tilraunakaflar á Vestfjörðum 2006.

Árið 2003 voru lagðir út tilraunakaflar með klæðingu úr völdum efnum af Vestfjörðum. Kaflarnir voru lagðir í Tungudal og Önundarfirði. Markmið tilraunanna er að bera saman efni úr þeim berg- og malarnámum sem verið er að nota á Vestfjörðum, til að sjá hvaða efni á að leggja áherslu á að nota sem mest í framtíðinni. Skýrslan fjallar um árlega úttekt á tilraunaköflunum árið 2006. Enn eru litlar skemmdir komnar fram. Verkefnið mun halda áfram þar til munur fer að koma í ljós.

#### Uppgræðsla vegfláa með innlendum úthagategundum (framvinduskýrsla 2).

Þetta verkefni er til langs tíma og eru gerðar tilraunir með ýmsar innlendar úthagategundir til að græða upp vegfláa. Tilgangurinn er að vegfláar skeri sig ekki úr umhverfi vegna þess að í honum eru ekki sömu tegundir og utan hans. Auk þess vaxa margar innlendar úthagategundir vel án áburðar og ekki er eins mikil þörf á að slá þær, til að minnka snjósöfnum að vetri, þar sem þær falla að hausti.

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
07-063 Upphéraðsvegur, Setberg - Ormarsstaðaá	07
07-049 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Öxnadalshéiði	07
07-050 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Suður-Pingeyjarsýsla	07
07-051 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Norður-Pingeyjarsýsla	07
07-052 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Bakkafjörður - Vopnafjörður	07
07-053 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hérað	07
07-054 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Firðir	07
07-055 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hornafjörður	07
07-035 Festun og yfirlögn á Suðursvæði 2007-2008	07
07-026 Hringvegur (1), Draugahlíðarbrekka - Fossvellir, breikkun vegar	07
07-030 Skeiða- og Hrunamannavegur (30), Skipholt - Foss	07
07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit	07
07-037 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg	07
07-040 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	07
07-039 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	07
07-031 Þórsmerkurvegur (249), Gljúfurá - Dalsá	07
07-019 Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Bunguflói	07
07-018 Hringvegur (1), Hvalnes- og Þvottáskriður	07
07-012 Skagavegur (745), snjóastaðir	07
07-011 Framsveitarvegur (576), Snæfellsnesvegur - golfvöllur	07
07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalssvegur	07
07-009 Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga	07
07-008 Miðfjarðarvegur (704), Laugarbakki - Hringvegur	07
06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata	07
06-029 Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur	07
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	07
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	07
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
07-069 Yfirlagnir Norðaustursvæði, 2007, malbik við Akureyri	18.06.07 03.07.07
07-068 Hafravatnsvegur (431), gatnamót við Krikahverfi	18.06.07 03.07.07
07-048 Festun og yfirlögn, Norðaustursvæði 2007-2008	18.06.07 03.07.07
07-062 Óshlíðargöng, forval	18.06.07 07.08.07
07-065 Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg, eftirlit	04.06.07 19.06.07

Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
07-064 Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg	21.05.07 12.06.07
07-066 Hringvegur (1) um Staðará,	21.05.07 05.06.07
07-028 Meðallandsvegur (204), Grenlækur - Fossar	21.05.07 05.06.07
07-016 Eyjafjarðarbraut vestri (821), Sandhólar - Nes	21.05.07 05.06.07
07-061 Norðfjarðargöng og Óshlíðargöng borun rannsóknarholna	07.05.07 22.05.07
07-045 Efnisvinnsla Norðaustursvæði 2007, norðurhluti	30.04.07 15.05.07
06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið	23.04.07 15.05.07
07-001 Akranesvegur (509), Esjubraut - Kalmansbraut	16.04.07 15.05.07
06-027 Snæfellsnesvegur (54) um Hítará	16.04.07 08.05.07
Samningum lokið	Opnað: Samið:
07-005 Hringvegur (1), Grafarkot - Hraunsnef KNH ehf.	15.05.07 08.06.07
07-034 Yfirlagnir á Suðursvæði 2007-2008, klæðing Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.	15.05.07 31.05.07
07-057 Vetrarþjónusta, Reykjanes - Bolungarvík, 2007-2010 KNH ehf.	08.05.07 08.06.07
07-032 Vetrarþjónusta í Vestur-Skafta-fellssýslu 2007-2012, austurhluti Rósaberg ehf.	02.05.07 31.05.07
07-047 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2007, norðurhluti, klæðing Klæðning ehf.	17.04.07 12.06.07
07-059 Yfirborðsmerkingar, vegmálun, 2007-2010 Vegamál ehf.	17.04.07 01.06.07
07-029 Vetrarþjónusta í Vestur-Skafta-fellssýslu 2007-2012, vesturhluti Heflun ehf.	17.04.07 30.05.07
07-015 Norðausturvegur (85), Presthólar - Kópasker Árni Helgason ehf.	03.04.07 30.05.07
07-056 Hringvegur (1), hringtorg við Þingvallaveg (36) Ístak hf.	03.04.07 29.05.07

